

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 226/1976 fyrir Fósturskóla Íslands.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Námstími í skólanum er þrjú ár og er námið bæði bóklegt og verklegt. Náms-
tíminn skiptist í bóklegar og verklegar annir. Skal verklega námið eigi vera styttra
en þriðjungur námstímans. Nemendum er skylt að mæta í kennslustundir nema
veikindi eða önnur gild forföll hamli.

2. gr.

15. gr. fellur niður, 16. gr. verður 15. gr. o. s. frv.

3. gr.

18. gr. sem verður 17. gr. orðist svo:

Tímafjöldi í einstökum greinum skal vera sem næst því er hér segir:

Uppeldisgreinar:

Hagnýt uppeldisfræði og starfshættir	190	
Sálarfræði	230	
Meðferð ungbarna	60	
		480

Félagsgreinar:

Félagsfræði og hópefli	90	
Félagslöggjöf	30	
Samfélags- og áttahagafræði	100	
		220

Móðurmálgreinar:

Íslenska	140	
Barnabókmenntir	90	
Framsögn—raddbeiting	60	
		290

Heilsufræði—heilsuvernd	90	
Næringarefnafræði	30	
Líffræði—eðlisfræði	80	
		200

List- og verkgreinar:

Myndið—skapandi starf	320	
Tónlist	150	
Rytmik—dramik	90	
		560

Stundafjöldi alls: 1750

Heimilt er þó að vikja frá ákvæðum þessarar greinar með samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. júlí 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. CIF.
4×14 m/r interl.	165.85
4×14 r/l og 8×7 r/l	189.20
10×5, 3×18 og 4×13	232.77
5×10	261.47
4×16	165.85
4×15	261.47
12×1	232.77
Blokk	223.21
Blokk 24½	227.46
Ýsa:	
4×14 m/r interl.	177.50
10×5 og 4×13	232.77
3×18	251.91
12×1	232.77
Blokk	223.21
Blokk 24½	227.46
Steinbítur:	
8×7 r/l	135.97
10×5	257.22
12×1	257.22
Blokk	191.32
Karfi:	
8×7 m/r	135.97
10×5 r/l	179.20
10×5 m/r	179.20